



## Stjórnarfundur 6 þriðjudaginn 15. desember 2009 kl. 17.15 á skrifstofu BLÍ

Mætt.: Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Davíð Búi Halldórsson í síma.

Afboð og mættu ekki: Svala Vignisdóttir, Hreggviður Norðdahl, Aðalheiður Sigursveinsdóttir, Óskar Hauksson og Valdimar Hafsteinsson.

### Dagskrá fundarins

- Val á blakfólki ársins (fyrirkomulag valsins)
- Landsliðsmál
- Mótamál
- Samstarf – Norðurlönd og smáþjóðir
- Önnur mál

## Fundargerð

### Val á blakfólki ársins

- Ákveðið var að stjórn liti til árangurs þeirra einstaklinga sem koma til greina í val ársins. Að þessu sinni valdi stjórn BLÍ Val Guðjón Valsson, fyrirliða Íslands- deildar- og bikarmeistara Þróttar R og fyrirliða íslenska landsliðsins í blaki karla sem blakmann ársins 2009. Stjórn BLÍ valdi einnig hana Laufeyju Björk Sigmundsdóttur sem blakkonu ársins 2009 en hún var burðarás í liði HK sem vann Íslands-, deildar- og bikarmeistaratitil í blaki kvenna á árinu og varð Íslandsmeistaratitillinn í strandblaki ásamt félagi sínum. Laufey var einnig í íslenska kvennalandsliðinu í strandblaki sem keppti á smáþjóðaleikunum í sumar.
- Sævari falið að tilkynna íþróttafólkinu um valið og senda fréttatilkynningu til fjölmiðla á næstu dögum. Hófið sjálfst verður 5. janúar 2010.

### Landsliðsmál

Framundan er keppni U17 ára landsliða Íslands í blaki. Mótið verður haldið í Ikast í Danmörku dagana 20-22. desember og er áætluð heimkoma hópsins 23. desember. Undirbúningur er á fullu og þjálfarar verða Apostol Apostolov fyrir stúlkurnar og Zdravko Demirev. Með í för verða Sævar Már Guðmundsson og Jóhannes Stefánsson og sjá þeir um fararstjórn og dómgæslu fyrir Íslands hönd.

### Mótamál

Eru í góðum farvegi. Bikarmótið gekk vel hjá blakdeild Fylki og strax upp úr áramótum fer af stað undirbúningur með blakdeild KA um næsta bikarmót 12.-13. febrúar. Hlé er komið í Mikasadeildirnar en hefjast þær að nýju þann 9. janúar en ekki hefur oft verið svo stutt "jólafrí" í deildunum.

### Samstarf – Norðurlönd og smáþjóðir

- Sævar fór á fund í Stokkhólmi í byrjun nóvember. Á þeim fundi var sagt frá vinnslu nýrrar heimasíðu fyrir Nevza (nevza.org). Einnig var rædd tillaga um styrkveitingar til smærri þjóðanna í samstarfinu, Ísland þar á meðal og vel tekið í það. Ákveðin upphæð verður þá greidd til þjóðanna

á hvert lið sem send eru til keppni á hverju ári. Styrkurinn kemur beint frá CEV og FIVB sem hafa loksins viðurkennt NEVZA sem svæðissamtök í N. Evrópu. Einnig var sagt frá því að héðan í frá myndu mótshaldarar fá sinn skerf af styrknum og myndi það ganga allt aftur til ársins 2008.

- BLÍ sótti um til samtaka SCD innan CEV um að fá styrkgreiðslu vegna efnahagsástandsins á Íslandi. Frekar dýrt var fyrir Ísland að fara til Luxemborgar í sumar þegar karlalandsliðið hreppti bronsið og því var ákveðið að reyna að fá hluta af þeim kostnaði greiddan til baka í formi styrks. Vel var tekið í beiðnina.

#### **Önnur mál**

- **Nefnd sem úrskurðar um kosningu leikmanna í lið ársins:** Umræðum framhaldið frá fundi 4. Ákveðið var að tala við Leif Harðarson, Kristján Geir Guðmundsson og Hannes Karlsson um að vera í þessari nefnd. Jasoni og Sævari falið að ræða við viðkomandi menn um setu í nefndinni.

*Fundi slitið kl. 18.45*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*